



**Fyrsti fundur** hvers hóps er afar mikilvægur. Númer eitt, tvö og þrjú er að undirbúa hann vel því það þarf að vera þægilegt andrúmsloft og rúm fyrir spjall en á sama tíma að komast yfir ótal atriði. Fundurinn tekur tvær klukkustundir.

Mikilvægt er að lesa vel kaflann í **leiðbeinendahandbókinni** sem fjallar um þennan fund og búa sér til sína eigin **fundardagskrá** upp úr honum.

Það er mikilvægt að **allir mæti** á þennan fyrsta fund og gjarnan maki með ef hann er fyrir hendi ☺ Það er líka mikilvægt að fólk viti það fyrirfram hvað þátttakan kosti ef hún **kostar** eitthvað. Gott er að biðja alla um að koma með dagbók með sér eða t.d. vaktaáætlun ef það er í vaktavinnu því á fundinum þarf að **bóka alla tilvonandi fundi**, bæði stað og stund. Leiðbeinandinn þarf að mæta með **handbók og vinnubók** fyrir alla. Auk þeirra er hægt að fá allskonar **bæklinga** og lita- / þrautabók fyrir börnin (útgefna af SORPU) hérna á skrifstofu Vistverndar í verki.

Fyrsta blaðið í vinnubókinni er merkt neðst: Vinsamlega afhendið leiðbeinanda þetta blað á síðasta fundi. Bls. 3 er alveg eins **mælingablað** og bls. 2. Þar er gott að skrifa mælingarnar fyrst þegar maður er að gera þær fyrir sig, og hreinrita svo yfir á bls. 2 til að skila inn í lokin. (Ábending frá þátttakanda - því fyrsta blað vill verða dálítið útkrassað).

Sú mæling sem helst vefst fyrir fólki er **innkaupamælingin**. Hún er hugsuð þannig að með því að telja vöruflokka og hve margir þeirra voru umhverfismerktir sjáist hvort hlutfall umhverfismerkra vara í innkaupum, eykst á tímabilinu. Ákveðið var að nota orðið vöruflokkar fremur en vörur, svo fólk þyrfti ekki að telja upp úr pokunum hjá sér heldur gæti talið línurnar á búðakassastrimlinum - oftast er reyndar ein vara í einu á strimlinum, en stundum poki af eplum, 5 jógúrtdósir o.s.frv. og er það þá bara talið

sem ein vara. Ef einhver vill gera þetta öðruvísi er það velkomið en fólk beðið um að skrifa skýringar við.

Í vor verður útnefnt **sjálfbærasta heimilið** af þátttöku heimilunum – láTið þátttakendur endilega vita af því. Til að vera gildur þarf að skila inn mælingum.

Í vinnubókinni eru svo blaðsíður með **umhverfismati heimilisins** fyrir hvern efnisflokk (kafla). Þetta er mjög mikilvægt að láta þau fylla það út á byrjunarfundinum og reynist best að gera það frekar snemma. „Virkjum aðra” flokkurinn er þó ekki fylltur út að svo stöddu.

Svo taka við vinnubókarblaðsíður - sem fólk getur notað þegar það er að undirbúa sig fyrir fund eða er á fundi. Hvað hef ég verið að gera hingað til í ...málum? Hvaða markmið set ég mér þar til við hittumst næst?

Þá kemur blað til að hafa til hliðsjónar þegar undirbúinn er kynningarfundur sem er gott að nota á fundinum: Virkjum aðra, og síðast stutt könnun um verkefnið. Spurningar um hvernig fólki líkaði o.s.frv. sem má skila til leiðbeinanda á síðasta fundi. Ef þið viljið getið þið haft umslag með og lokað því svo þegar fólk er búð að setja kannanirnar í.

Það er mjög mikilvægt að hópurnir finni sér nafn á fyrsta fundi og að skráðir séu niður fundartímar, staðir og fundarstjórar strax á þessum fyrsta fundi.

Gangi ykkur vel og munið að kíkja vel yfir leiðbeinendahandbókina.